

SJÓMANNASKÓLAREITUR RÁÐGJÖF

SKILABLAÐ

Framkvæmdasýslan-Ríkiseignir (FSRE)

Útgefið í febrúar 2025

Ljósmyndir: FSRE

Ábyrgðarmaður: Ólafur Danielsson, framkvæmdastjóri framkvæmda

1 Upphaf verkefnis

Verkbeiðni um umsögn vegna breytts deiliskipulags á Sjómannaskólareit barst FSRE þann 30. ágúst 2019. Tímamörk voru ekki fastsett. Verkkaupi var fjármála- og efnahagsráðuneytið. Tengiliður verkkaupa var Hannes Frímann Sigurðsson. Verkefnastjóri hjá FSRE var Anna Sofia Kristjánsdóttir arkitekt.

2 Verklýsing

Um var að ræða athugasemd við deiliskipulag í auglýsingu. Ríkið óskaði eftir breytingum á auglýstu deiliskipulagi Sjómannaskólareits sem staðsettur er á Rauðarárholti í Reykjavík. Umsögn var send með bréfi og í tölvupósti til umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar.

3 Verknúmer

Númer verkefnis er 6330184. Dagsett 30. ágúst 2019.

4 Framvinda

Einn fundur var haldinn með verkkaupa 3. september 2019, þar sem málavextir voru raktir. Verkefnastjóri gerði drög að umsögn til umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar. Endanleg umsögn ásamt bréfi um samkomulag ríkis og borgar, dagsett 23. mars 2018 og fundargerð dags. 1. febrúar 2019, frá fundi umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, Tækniskóla Íslands, mennta- og menningarmálaráðuneytis og fjármála- og efnahagsráðuneytis, fylgdi með sem viðhengi og var send 29. október 2019 til umhverfis- og skipulagssviðs. Sama bréf var sent umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar 8. janúar 2020 þar sem ekki hafði borist svar frá

borginni. Bréfið var sent í þriðja sinn þann 5. febrúar 2020 með ítrekun um svar.

Bréf barst með tölvupósti 6. febrúar 2020, frá umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar þar sem fram kom að tekið yrði tillit til athugasemda ríkisins og deiliskipulagstillögu breytt í samræmi við það.

5 Kostnaður verksins

Bókfærður kostnaður við ráðgjöf 609.975,-

6 Niðurstaða verkefnis

Verkefnið er fullleyst á þann hátt sem óskað var eftir.

7 Ákvörðun verkkaupa

Verkkaupi hefur fengið öll samskipti sem fóru fram milli FSRE og umhverfis- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar og telst verkefninu lokið.

8 Verklök

Verklök teljast vera 10. febrúar 2020.

9 Staðfesting skilablaðs

Undirritaður staðfestir hér með framanritað skilablað fyrir hönd FSRE.

Ólafur Daníelsson,
framkvæmdastjóri framkvæmda